

SKÓGRÆKT Í LANDI GARÐS II

Í MÝVATNSSVEIT

Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að skógrækt á 160 hektara svæði í landi Garðs II í Skútustaðahreppi, sem staðsett er innan svæðis sem fellur undir lög um vernd Mývatns og Laxár nr. 36/1974 og er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 11 j í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif fyrirhugaðrar skógræktar séu óveruleg á alla umhverfisþætti. Skipulagsstofnun telur skógrækt með fjórum innlendum tegundum í gróðureyjar á landgræðslusvæðið í landi Garðs II líkleg til að hafa jákvæð áhrif á gróðurframvindu á svæðinu. En til þess að afleidd neikvæð áhrif skógræktarinnar á næringarefnabúskap Mývatns verði sem allra minnst er brýnt að nota tilbúinn áburð í hófi líkt og framkvæmdaraðili boðar og Umhverfisstofnun hnykkir á í umsögn sinni. En framkvæmdaraðili hefur upplýst að 15 gr. af tilbúnum áburði verði notuð á hverja plöntu.

Þá telur Skipulagsstofnun brýnt að framkvæmdaraðili hagi gróðursetningu þannig að ekki verði gróðursett nálægt vörðum eins og fram hefur komið í greinargerð framkvæmdaraðila og ekki verði spillt sýnilegum ummerkjum um hina vörðuðu leið líkt og Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) benti á í umsögn.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að skógrækt á 160 hektara svæði í landi Garðs II í Skútustaðahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. mars 2013.

INNGANGUR

Þann 28. nóvember 2012 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Norðurlandsskógum og Kára Þorgrímssyni landeiganda í Garði II um fyrirhugaða skógrækt á 160 hektara svæði í landi Garðs II sem staðsett er innan svæðis sem fellur undir lög um vernd Mývatns og Laxár nr. 36/1974. Framkvæmdirnar falla því undir 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 1 d í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skútustaðahrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Skútustaðahreppi með tölvupósti dags. 4. febrúar 2013, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 19. desember 2012, Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 14. desember 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 16. janúar 2013. Frekari upplýsingar bárust frá Norðurlandsskógum með tölvupósti dags. 15. janúar 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að skógræktarsvæðið sé 160 hektarar. Svæðið sé afgirt og hafi verið landgræðslusvæði til fjölda ára. Það sé staðsett um 850 m suðaustan við þjóðveg nr. 1. Þar skiptast á gömul helluhraun, yngri brunahraun, úfin og sendin og nokkuð sléttir hraunbarmar. Landið sé blásið og landgræðsla misjafnlega á vegi stödd. Jarðvegur sé sums staðar vel stöðugur en annars staðar mjög óstöðugur. Megin tilgangur með aðkomu Norðurlandsskóga að landgræðslu í Garði II er að ná fram varanlegum áhrifum af landgræðslu sem þegar hafi farið fram og stuðla að stöðugleika hennar með því að leggja til birki, reyni og víðiplöntur til gróðursetningar og stuðla þannig að endurheimt upprunalegrar skógarþekju á svæðinu.

Núverandi gróðurþekja sem búið sé að koma upp í landinu sé viðkvæm og geti glatast á stuttum tíma ef dregið verði úr áburðargjöf með tilbúnum áburði. Því sé nauðsynlegt að stuðla að áframhaldandi gróðurframvindu. Fræbankar birkis og víðis séu ekki í nágrenni landgræðslusvæðisins. Birki og víðir eru afkastamiklir frægjafar og geta myndað fræ fáum árum eftir gróðursetningu og tilvist þeirra á svæðinu er brýn til að gróðurframvindan haldi áfram.

Ekki sé gert ráð fyrir að gróðursett verði í allt svæðið heldur að komið verði upp gróðureyjum, þvert á ríkjandi vindáttir, sem síðan geti sáð út frá sér. Nauðsynlegt sé að þessar plöntur verði nokkuð háar svo þær nái að standa upp úr mesta sandrenningunum og því líklegra að þær nái að lifa af rof vegna hans.

Aukinn trjágróður á landgræðslusvæði Garðs II muni hafa í för með sér aukna vatnsheldni jarðvegsins auk þess sem flutningur næringarefna aukist inn á svæðið með lauffalli sem geti aukið enn á gróðurþekju svæðisins. Skjól trjágróðursins muni og draga úr sandfoki. Með þessum aðgerðum sé von til þess að svæðið verði sjálfbært og þurfi ekki frekari inngríp eftir að skógur hafi fest þar rætur. Í framtíðinni geti landnýting á svæðinu orðið sjálfbær með skynsamlegri stýringu á beit.

Landslag. Í greinargerð kemur fram að svæðið sé á flatlendi og muni því ekki verða áberandi í landslaginu. Víða sé birki byrjað að sá sér meðfram vegum við Mývatn og því ætti þetta svæði ekki að stinga í stúf, auk þess sem það sé nokkuð langt frá þjóðvegi nr.1 eða um 850 m.

Náttúruvernd. Fram kemur að þar sem væntanlegt skógræktarsvæði sé í Skútustaðahreppi falli það undir lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 36/1974 og sé skilgreint samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum sem verndarsvæði. Eingöngu innlendar tegundir verði gróðursettar á fyrirhuguðu skógræktarsvæði.

Fram kemur að samkvæmt lögum um náttúruvernd njóti eldhraun sérstakrar verndar og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur sé. Eldhraun séu á svæðinu en þau hafi safnað í sig foksandi í gegnum tíðina. Þau séu uppspretta sandfoks í dag sem nauðsynlegt sé að hefta til þess að skapa stöðugleika á svæðinu. Talið sé að hraunin hafi verið gróin en blásið hafi ofan af þeim. Rannsóknir benda til að mikill uppblástur hafi orðið á svæðinu á 18. öld allt sunnan frá öræfum sunnan Bárðardals og norður í Mývatnssveit. Þar á meðal hafi lönd jarðanna Garðs og Brjánsness blásið upp, en þær báðar farið í eyði í kjölfarið.

Meningarminjar. Í greinargerð kemur fram að engar friðlýstar minjar séu á svæðinu sem um ræðir. Samkvæmt Fornleifaskráningu Skútustaðahrepps III sé Klofavarða á svæðinu. Ekki verði gróðursett innan 50 m rás í kringum hana. Vörðud leið liggir í gegnum girðinguna austur að gömlum beitarhúsum. Vörðurnar séu allvíða enn sjáanlegar. Þess verði sýnd sama tillitsemi og Klofavörðu við skógræktarstarfið. Ekki sé hætta á að jarðvinnsla vegna skógræktar raski svæðinu því hennar sé ekki þörf.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Fram kemur í umsögnum Skútustaðahrepps, Fornleifaverndar ríkisins og Landgræðslu ríkisins að stofnanirnar telji ekki að framkvæmdirnar skuli háðar mati á umhverfisáhrifum. Í umsögn Umhverfisstofnunar er ekki talið að framkvæmdirnar muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Áhrif á jarðmyndanir. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem eldhraun njóti sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd telji stofnunin mikilvægt að samvinna verði milli Umhverfisstofnunar og skógræktenda um að vernda þær hraunmyndanir sem ekki séu sandorpnar og fella skógræktina að hraunmyndunum.

Áhrif af völdum tilbúins áburðar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að áburðargjöf vegna væntanlegrar skógræktar orsaki ekki útskolun næringarefna í Mývatn, en vísendingar séu um að aukin útskolun næringarefna í Mývatn sé að stuðla að auknum þörungagróðri í vatninu. Að mati Umhverfisstofnunar gefi ræktunaráætlun Norðurlandsskóga fyrir Garð II í Mývatnssveit þá mynd að tilbúinn áburður verði notaður í hófi við ræktunina eða 15 gr. á plöntu.

Áhrif á menningarminjar. Í umsögn Fornleifaverndar er vísað í greinargerð um skógræktina þar sem komi fram að vörðud leið liggir í gegnum girðinguna austur að gömlum beitarhúsum. Þar komi fram að ekki verði gróðursett nær Klofavörðu en sem nemur um 50 m og að öðrum vörðum á svæðinu verði sýnd sama tillitsemi við skógræktarstarfið. Fornleifavernd minnir á að einnig þurfi að gæta að því að varðveita leiðina sjálfa, þ.e. öll sýnileg ummerki um hana. Ekki megi planta trjám í leiðina né raska henni á annan hátt.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða skógrækt á 160 hektara svæði í landi Garðs II í Skútustaðahreppi, sem staðsett er innan svæðis sem fellur undir lög um vernd Mývatns og Laxár nr. 36/1974. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 1 d í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif fyrirhugaðrar skógræktar séu óveruleg á alla umhverfisþætti. Skipulagsstofnun telur skógrækt með fjórum innlendum tegundum í gróðureyjar á landgræðslusvæðið í landi Garðs II líkleg til að hafa jákvæð áhrif á gróðurframvindu á svæðinu. En til þess að afleidd neikvæð áhrif skógræktarinnar á næringarefnabúskap Mývatns verði sem allra minnst er brýnt að nota tilbúinn áburð í hófi líkt og framkvæmdaraðili boðar og Umhverfisstofnun hnykkir á í umsögn sinni. En framkvæmdaraðili hefur upplýst að 15 gr. af tilbúnum áburði verði notuð á hverja plöntu.

Þá telur Skipulagsstofnun brýnt að framkvæmdaraðili hagi gróðursetningu þannig að ekki verði gróðursett nálægt vörðum eins og fram hefur komið í greinargerð framkvæmdaraðila og ekki verði spillt sýnilegum ummerkjum um hina vörðuðu leið líkt og Fornleifavernd ríkisins (nú Minjastofnun Íslands) benti á í umsögn.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð framkvæmdaraðila vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að skógrækt á 160 hektara svæði í landi Garðs II í Skútustaðahreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Skútustaðahrepps skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og framkvæmdaleyfisreglugerð nr. 772/2012.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 11. mars 2013.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson



Skipulags
stofnun